

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1603  
komudagur 26.4.2005

## Skagabyggð

Örlygsstöðum 2 545 Skagaströnd  
23. apríl 2005.

Samgöngunefnd Alþingis.

Undirritaður hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008.

Í því sambandi vil ég benda á nauðsyn þess að gera átak til að bæta safn- og tengivegi umfram það sem gert er ráð fyrir í tillögunni. Það kemur raunar fram í tillögunni að fjármagn til endurnýjunar malarslitlags hefur einungis verið 60 % af áætlaðri þörf og er þá augljóst að í óefni er komið varðandi viðhald þessara vegna. Ég vil einnig benda á að ekki er nægjanlegt að endurnýja örþunnt lag á yfirborði veganna. Þessir vegir eru yfirleitt veikbyggðir og hafa lítið burðarþol. Það verður til þess að þeir síga og fletjast út undan umferðinni. Þess vegna eru þeir oft snjóþungir á veturna. Það þarf að byggja upp þessa vegi og setja á þá bundið slitlag. Ekki er víst að bundið slitlag verði til muna dýrara en malarslitlag til lengri tíma lítið en kostirnir eru augljósir.

Þá vil ég nota tækifærið og óska eftir fjárveitingu í Skagaveg í Austur-Húnavatns-sýslu og Brekkaveg sem byrjað var að endurbyggja á s.l. ári. Það eru margir snjóþungir kaflar á Skagavegi og auk þess er hættulegur vegur um Króksbjarg þar sem vegurinn liggur á blábrúninni á bjarginu og 60 m hengiflug fyrir neðan. Þar má ekkert út af bera í hálfu og dimmviðri svo slys hljótist ekki af.

Ég vona að þessar ábendingar mínar verði teknar til vinsamlegrar athugunar. Auðvitað er mér fullljóst að víða er brýn þörf fyrir fjármuni til vegagerðar en við verðum ánægð með það hér á Skaga norður ef við fáum einhvern mola af kökunni.

Virðingarfyllt

Oddviti Skagabyggðar

*Ralm Sigurbjörnsson*



Blönduósi 10. febrúar 2004

Oddviti Skagabyggðar  
Hr. Rafn Sigurbjörnsson  
Örlygsstöðum

**Efni : Samgönguörðugleikar í Skagabyggð**

Eins og þér mun vera kunnugt er mikil hindrun á stuttum kafla utan við Hof, vegna snjóá.

Það er svo komið, að mér þykir ástæða til að benda sérstaklega á þetta vandamál sem þarf að leysa með öllum tiltækum ráðum.

Þessi vegarspotti er sá allra verstí í héraðinu þar sem mjólkurbifreiðin fer um.

Það er varla ásættanlegt að vegurinn verði ófær í fyrstu snjóum og sé illviðráðanlegur til moksturs vegna legu og/ eða lágrar stöðu.

Það er heldur ekki ásættanlegt að verða að bröлта utan vegar eins og við höfum gert á alkeðjuðum stórum tveggja hásinga bíl þrisvar í viku, enda hefur það valdið tjóni á bílnum nú undanfarið sem nemur á annað hundrað þúsunda króna ásamt tugum vinnustunda sem hafa farið aukalega í þetta vandamál bæði hjá bílstjórum og starfsmönnum í mjólkursamlaginu.

Þessi litla hindrum einangrar þrjá mjólkurinnleggjendur, fyrir utan aðra bæi og varðar framtíð þeirra sem mjólkurinnleggjenda, því núverandi ástand gengur ekki upp.

Það er von mín að sveitastjórnin reyni að finna lausn á þessu vandamáli fyrir næsta vetur.

Með vinsemd og virðingu

  
Páll Svavarsson